

## **Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps**

föstudaginn 22. maí 2009 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Björn Fannar Jóhannesson, Herdís E. Matthíasdóttir, Bogi Kristinsson Magnusen og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Egill setti fund og bauð menn velkomna.

### **Dagskrá:**

1. **0905022** Umsókn dags. 13. maí 2009 frá Þórði Jónssyni fyrir hönd Heimabæjar ehf um leyfi til að rífa vélageymslu á Bæ, Reykhólahreppi, fastanúmer: 212-1886. Leyfið veitt.
2. **0905013** Tölvupóstur dags. 19. maí 2009 frá eigendum Læknishúss og Byggðarenda í Flatey með ósk um leyfi til að byggja brunn í Flatey. Erindið samþykkt og vísar nefndin í afgreiðslu hreppsnefndar frá 14. maí s.l. um sama mál.
3. **0904005** Tölvupóstur dags. 19. maí 2009 frá Pétri Ágústssyni fyrir hönd Sæferða ehf með ósk um leyfi til að koma upp snyrtiaðstöðu út í Flatey. Afgreiðslu frestað þar sem engin gögn höfðu borist fyrir fundinn þrátt fyrir beiðni þar um.

### **Önnur mál:**

1. **0905026** Umsókn dags. 14. maí 2009 frá Jóni Ólafssyni með ósk um leyfi til að byggja vélageymslu og íbúðarhús að Börmum, Reykhólahreppi. Leyfið veitt með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu Fornleifaverndar.
2. **0905027** Umsókn dags. 14. maí 2009 frá Árna Sigurpálssyni f.h. Stekkjarlundar ehf með ósk um leyfi til að byggja sumarhús í landi Bjarkalundar á lóð nr. 1. Leyfið veitt með fyrirvara um að fullunnar bygginganefndarteikningar berist áður en framkvæmdir hefjast.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:00

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björn Fannar Jóhannesson (sign)

Herdís E. Matthíasdóttir (sign)

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)